

Lögmannaþingið



9. árgangur
Júní
2/2003

- **Lögmennska án landamæra**
- **Aðalfundur LMFÍ**
- **Endurmenntunarskylda lögmanna**
- **SOLVIT: Nýtt úrlausnarnet Evrópusambandsins**
- **Dómur Mannréttindadómstólsins í málinu 39731/1998**



INNHEIMTUKERFI LÖGMANNA

HELDUR UTAN UM ALLA ÞÆTTI LÖGINNHEIMTU Á ÍSLANDI

Innheimtakerfi lögmanna er aðgengilegt og skilvirkt kerfi sem þróað hefur verið til móts við þarfir aðila í löginneimtum í tæplega 20 ár.

KERFIÐ TRYGGIR M.A.:

- Aukið öryggi í meðferð krafna
- Aukin afköst í innheimtum
- Stóraukinn tímasparnað
- Heildar yfirsýn á kröfur og ferli

KERFIÐ ER NÚ Í NOTKUN HJÁ:

- Bæjarfélögum
- Milliinneimtufyrirtækjum
- Löginneimtufyrirtækjum
- Verkalýðsfélögum
- Bankastofnunum
- Opinberum stofnunum

Ný uppfærsla kerfisins, **ILplús 2.2**, eykur til muna alla úrvinnslumöguleika notenda.

Nú er rétti tíminn til að kynna sér möguleika Innheimtakerfis lögmanna.

Hafðu samband

Við komum til þín og kynnum þér nýtt og öflugt Innheimtakerfi lögmanna.

Sími: 550 9616 | Netfang: iris@lt.is

L Á N S T R A U S T H F.

Lögmannablaðið

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími (tel.): 568-5620
Bréfsími (fax): 568-70567
Tölvupóstur: (E-mail):
lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

STJÓRN LMFÍ

Gunnar Jónsson hrl.,
formaður
Helgi Jóhannesson hrl.,
varaformaður
Jóhannes Karl Sveinsson hrl.,
gjaldkeri
Lára V. Júlíusdóttir hrl.,
ritari
Aðalsteinn E. Jónasson hrl.,
meðstjórnandi

STARFSFÓLK LMFÍ:

Ingimar Ingason
framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir
félagsdeild
Guðný Gísladóttir
ritari

Blaðið er sent öllum
félagsmönnum.

Ársáskrift
fyrir utanfélagsmenn
kr. 1.500 + vsk.
Verð pr. tölublað
kr. 300 + vsk.
ISSN 1670-2689

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Óflun ehf.,
sími 533 4440

- 4** GUÐRÚN BJÖRG BIRGISDÓTTIR:
Frá ritstjórn
- 5** Aðalfundur Lögmannafélags Íslands
- 9** Myndir af árs hátíð
- 10** Meistaramót í knattleik innanhúss
- 12** GUNNAR JÓNSSON
Pistill formanns
- 14** PETER MOLLERUP:
Om forskelle og ligheder mellem udøvelse af islandsk og dansk advokatvirksomhed
- 17** JÓN ÖGMUNDSSON:
Lögmannsstörf í Flórída
- 19** HÁDEGISVERÐARFUNDUR LMFÍ OG LÍ:
Jafnrétti og bann við mismunun í Mannréttindasáttmála Evrópu
- 20** Reglur frá Hæstarétti
- 22** Golfmót lögmanna sumarið 2003
- 23** Af Merði lögmanni
- 24** RAGNHEIÐUR ELFA ÞORSTEINSDÓTTIR:
SOLVIT - Nýtt úrlausnarnet Evrópusambandsins
- 26** INGIMAR INGASON:
Á að taka upp endurmenntunarskyldu lögmanna?
- 27** EYRÚN INGADÓTTIR:
Fréttir frá félagsdeild
- 29** Dómur Mannréttindadómstólsins í málinu nr. 39731/1998:
Sigurðsson gegn íslenska ríkinu.
- 31** Myndir af árs hátíð

Forsíðumynd: SIGRÚN V. MAGNÚSDÓTTIR

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Þórður Bogason hdl.

Ritnefnd: Berglind Svavarsdóttir hdl., Bjarki H. Diego hrl.,
Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.,
Ragnar H. Hall hrl.



FRÁ RITSTJÓRN

Heimurinn er sífellt að minnka og það Heru ekki nýjar fréttir. Frá því hesturinn hætti að vera þarfasti þjónninn hefur heimurinn verið að dragast saman. Ekki svo að skilja að rúmmálið sé að minnka heldur hitt að við förum alltaf sífellt hraðar yfir. Nú er svo komið að Ísland er ekki lengur afskekkt. Alþjóðavæðingin er á fullu stími og lögmastéttin fer ekki varhluta af því. Það er ótrúlega stutt síðan lögfræðimenntun fór fram svo til eingöngu á Íslandi. Eftir að embættisprófi lauk stunduðu lögfræðingar sín störf og ekki meira með það. Fáum datt í hug að starfa erlendis eða sækja þangað framhaldsmenntun og það þótti fásinna ef það hvarflaði að erlendum lögfræðingum að sækja um störf á Íslandi. Nú er öldin önnur og þema þessa blaðs er alþjóðavæðingin. Grein eftir danskan lögmann sem starfar á Íslandi, um muninn á lögmastörfum í Danmörku og á Íslandi, er mjög áhugaverð. Þess má geta að greinin er birt á dönsku en það var tekin ákvörðun um að þýða hana ekki — í anda alþjóðavæðingarinnar. Önnur grein, eftir íslenskan lögmann sem starfaði í Flórída, er einnig áhugaverð en það er ávallt hollt og gott að bera sig

saman við önnur lönd og fylgjast með hvað er að gerast annars staðar. Skrifari hefur á undanförunum árum átt þess kost að starfa með áströlskum lögfræðingi, dönskum lögmanni og nýlega hóf störf á stofu skrifara lögfræðingur með menntun frá Belgíu. Störf þeirra hafa falist í aðstoð við íslensk fyrirtæki sem hyggja á landvinninga erlendis og svo skjalagerð vegna erlendra fyrirtækja sem stunda viðskipti hér á landi. Þá hefur það verið ómetanlegt að hafa aðgang að annari lögfræðipækkingu en þeirri úr lagadeild Háskóla Íslands

Það útskrifast varla sá lögfræðingur sem ekki íhugar að sækja sér framhaldsmenntun erlendis í faginu. Menntunarmál eru talsvert í umræðunni um þessar mundir enda virðast sífellt fleiri telja það mikilvægt að gera endurmenntun að skyldu fyrir lögmenn. Þessi þróun á sér einnig stað í nágrannalöndum okkar en sennilega eru fáar stéttir jafn duglegar að sækja námskeið og lögmastéttin. Á öðrum stað í blaðinu kemur fram að 130 manns sóttu námskeið á vegum félagsins á vorönn.

Guðrún Björg Birgisdóttir

Auglýsing frá Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands er sjálfseignarstofnun sem Háskóli Íslands, Dómarafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands eiga aðild að.

Stofnunin auglýsir hér með eftir umsóknum um styrk til að stunda rannsóknir á sviði mannréttinda. Veittur verður styrkur að fjárhæð kr. 300.000 til að skrifa ritgerð sem miðað er við að birt verði í viðurkenndu alþjóðlegu tímariti á sviði mannréttinda. Styrkurinn gæti orðið hærri ef stjórn stofnunarinnar telur að verkefnið gefi tilefni til þess.

Miðað er við að umsækjandi hafi lokið háskóla-prófi í lögfræði. Æskilegt er að umsækjandi hafi lokið framhaldsnámi við erlendan háskóla. Umsóknarfrestur er til 15. júní 2003.

Í umsókn skal lýsa efni og markmiðum ritgerðarinnar og sett fram áætlun um framvindu verkefnisins.

Frekari upplýsingar veitir Davíð Þór Björgvinsson prófessor og formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands:

david.thor.bjorgvinsson@eftacourt.lu

eða david@hi.is

og símar: 00352 42 108 313 eða 525 43 29

Umsóknir ber að senda til:

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Davíð Þór Björgvinsson, prófessor

Lögberg, Háskóla Íslands

101 Reykjavík

AÐALFUNDUR LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

AÐALFUNDUR Lögmannafélags Íslands 2003 var haldinn föstudaginn 21. mars s.l. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins. Fundarstjóri var Ásgeir Thoroddsen, hrl. og fundarritari Katrín Helga Hallgrímsdóttir, hdl.

Skýrsla stjórnar og ársreikningur.

Formaður félagsins, Gunnar Jónsson, hrl., flutti skýrslu stjórnar og vísaði m.a. í prentaða ársskýrslu sem send var félagsmönnum fyrir fundinn. Gunnar lýsti ánægju sinni með afkomu félagsins sem var jákvæð en það er aðeins í annað skiptið á undanförunum áratug sem ekki hefur orðið tap á rekstrinum. Formaðurinn vék því næst að umræðum sem urðu á síðasta aðalfundi um endurmenntunarskyldu lögmanna, sem hann upplýsti að stjórn félagsins hefði haft til umræðu á starfsárinu og víðað að sér upplýsingum málið. Kannað hefði verið hvernig þessu væri háttað annars staðar og reifuð rök með og á móti. Þá vék formaðurinn að hugmyndum frá síðasta aðalfundi um nauðsyn þess að víkka út heimildir til gjafsóknar með möguleikum til gjafsóknar annars staðar en fyrir dómstólum, aðallega innan stjórnsýslunnar. Hefði stjórn félagsins haft málið til skoðunar og væri eðlilegt að félagið ynni áfram að framgöngu slíkra hugmynda. Í því sambandi vísaði formaðurinn til þess að hagsmunagæsla fyrir ýmsum stjórnvöldum væri orðin flókin og erfið og hinn almenni borgari réði oft ekki við slíkt án lögfræðilegrar aðstoðar. Lögmenn hefðu hlutverki að gegna við að sjá til þess að menn gætu leitað réttar síns. Formaðurinn gerði að umtalfefni slaka þátttöku félagsmanna í viðburðum á vegum félagsins og benti m.a. á að á aðalfund félagsins mættu einungis um 5% félagsmanna, þrátt fyrir þá staðreynd að félagið væri skylduáðildarfélag. Taldi formaðurinn það vera verk stjórnarinnar að bæta úr þessu og leita leiða til að efla áhuga félagsmanna á störfum félagsins, enda nauðsynlegt að vera í góðum tengslum við félagsmenn til þess að ná að reka félagið í samræmi við tilgang þess. Formaðurinn þakkaði sam-

starfsmönnum sínum og sérstaklega þeim Láru V. Júlíusdóttur hrl. og Helga Jóhannessyni hrl., sem hurfu úr stjórn, fyrir samstarfið. Einnig þakkaði hann starfsmönnum félagsins fyrir samstarfið.

Að loknu ávarpi formannsins, gerði Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri félagsins, grein fyrir ársreikningi þess og Námssjóðs fyrir árið 2002, en reikningurinn fylgdi prentaðri skýrslu stjórnar. Fjallaði framkvæmdastjórinn um sameiginlega



Gunnar Jónsson
formaður LMFÍ í
ræðustól.

niðurstöðu reikninga hins lögbundna hluta félagsins og félagsdeildar þess. Fram kom í máli framkvæmdastjóra að niðurstaða af rekstri félagsins í heild hafi verið jákvæð og tekjur umfram gjöld numið rúmri 1,4 milljón á rekstrarárinu. Væri tæp 1 milljón af þessum afkomubata tilkomin vegna breyttra uppgjorsreglna, en reiknuð gjöld vegna verðbreytinga væru ekki lengur reiknuð inn í fjármagnsliði í rekstrarreikningi. Að teknu tilliti til fjármagnsliða hafi hagnaður skyldubundna hlutans numið 1445 þúsund krónum en tap félagsdeildar rúmum 22 þúsund krónum. Framkvæmdastjórinn beindi síðan máli sínu að helstu breytingum á tekju- og gjaldaliðum og þeim rekstrar-



Fundarmenn á aðalfundi 2003.

liðum sem tóku miklum breytingum eða kölluðu að öðru leyti á sérstaka umfjöllun, þar sem hann upplýsti m.a. að útistandandi árgjöld félagsins hefðu lækkað um 1,2 milljónir króna, sem aðallega mætti rekja til róttækra innheimtuaðgerða gagnvart skuldurinum.

Tillaga stjórnar um hækkun árgjalds til Lögmannafélags Íslands

Á aðalfundinum var samþykkt tillaga stjórnar um hækkun árgjalds til skyldubundna hlutans úr kr. 34.000 í kr. 37.000. Í greinargerð formanns með tilögnum benti hann á að félagið ætti að vera rekið réttu megin við núllið og taldi hæpið að óbreytt árgjald tryggði það. Fyrir lægi að kostnaður vegna fasteignar og forsætisfundar norrænu lögmannafélaganna yrði talsverður á árinu, og að sú 3000 króna hækkun sem tillaga væri gerð um svaraði aðeins til tæplega helmingis af vísitöluhækkun þess tíma sem liðinn væri síðan árgjaldið var síðast lækkað.

Kosningar.

Gunnar Jónsson, hrl. gaf kost á sér til endurkjörs til embættis formanns félagsins og var hann sjálfkjörinn í embættið. Auk Gunnars voru kjörnir í aðalstjórn til næstu tveggja ára, þau Ólafur Rafnsson, hdl. og Ragnheiður Bragadóttir, hdl., en auk þeirra sitja áfram í stjórn þeir Aðalsteinn Jónsson, hrl., og Jóhannes Karl Sveinsson, hrl. Í þriggja manna varastjórn voru kjörin Gunnar Sturluson, hrl., Margrét Vala Kristjánsdóttir, hdl. og Jóhannes Albert Sævarsson, hrl. Gústaf Þór Tryggvason hrl. og Othar Örn Petersen hrl. voru

kjörnir endurskoðendur og Þorbjörg I. Jónsdóttir, hdl., til vara. Í laganefnd voru kjörin Erlendur Gíslason, hrl., Ólafur Haraldsson, hrl., Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., Sif Konráðsdóttir, hrl. og Oddný Mjöll Arnadóttir, hdl. Í stjórn Námssjóðs, sem jafnframt gegnir störfum bókasafnsnefndar félagsins, voru þau Erla S. Árnadóttir, hrl., Jóhann Níelsson, hrl. og Eyvindur Gunnarsson, hdl., kosinn til þriggja ára.

Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins

Samþykkt var breyting á 10. gr. samþykktu félagsins með því að bæta nýjum málslíð við 2. mgr. 10. gr. þeirra, sem er svohljóðandi: „Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins eða varastjórn skulu tilkynna það til stjórnar ekki síðar en 7 dögum fyrir aðalfund“.

Önnur mál

Undir liðnum önnur mál var eftirfarandi ályktun lögð fyrir fundinn og samþykkt: „Aðalfundur Lögmannafélags Íslands, haldinn á Radisson SAS Hótel Sögu, föstudaginn 21. mars 2003, felur stjórn félagsins að vinna tillögur að reglum um endurmenntunarskyldu lögmannna. Höfð verði hliðsjón af sambærilegum reglum nágrannaþjóða þar um og starfi CCBE að endurmenntunarmálum. Slíkar tillögur verði kynntar félagsmönnum á almennum félagsfundi og síðan bornar upp til samþykktar eða synjunar.“

Í máli formanns félagsins kom hann inn á að CCBE – samtök evrópskra lögmannafélaga – ynnu að samræmdum reglum um menntun og

Ókeypis
aðgangur
til reynslu!



Er Evrópuréttur þinn réttur?

Sparaðu dýrmætan tíma við heimildaleit

Íslenskir lögfræðingar, lögmenn og dómarar þurfa í sívaxandi mæli að kunna skil á réttarheimildum Evrópuréttarins. Þá skiptir sköpum að geta fundið hratt og örugglega þær gerðir, dóma og aðrar réttarheimildir sem á þarf að halda.

Spurn sf. býður, í samvinnu við breska fyrirtækið Context Ltd., greiðan aðgang að stærstu rafrænu gagnagrunnum um samninga og sáttmála, lög, reglugerðir og dóma á sviði Evrópuréttarins - einnig á sviði EES-samningsins. Hugbúnaður og tækni Context tryggir notendum auðveldan og öruggan aðgang að þessum gagnagrunnum:

Justis

Celex	Lagagagnagrunnur ESB
Official Journal C Series	Stjórnartíðindi ESB
ECJ Proceedings	Málayfirlit Evrópudómstólsins
Common Market Law Reports	Dómar evrópskra dómstóla um Evrópurétt
Human Rights	Mannréttindasáttmáli og -dómstóll Evrópu
Tenders	Upplýsingar um útboð á EES-svæðinu

Nánari upplýsingar og áskrift:

Spurn sf

Sími 824 6122 - spurn@spurn.is - www.spurn.is

Þjálfun lögmanna, þar með talið endurmenntun og benti jafnframt á að slík skylda væri víða komin á s.s. í Bandaríkjunum, Englandi, Noregi og Finnlandi. Væri rétt að félagið ætti frumkvæði að endurmenntunarskyldu, fremur en taka afleiðingum þróunar að utan, enda virtist spurningin fremur vera með hvaða hætti skyldunni verði komið á og hvert inntak hennar verði en hvort endurmenntunarskylda kæmist á. Minnti formaðurinn á að samkvæmt siðareglum væri mönnum í raun lögð slík skylda á herðar en svo virtist sem það dygði ekki til.



Fundarmenn á aðalfundi 2003.

Aðalfundur félagsdeildar Lögmannafélags Íslands.

Í framhaldi af aðalfundi Lögmannafélagsins var haldinn aðalfundur félagsdeildar LMFÍ, samkvæmt auglýstri dagskrá. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins, auk tillögu um hækkun

árgjalds úr kr. 8.000 í kr. 9.500, sem samþykkt var samhljóða.

Um skýrslu stjórnar og ársreikninga var vísað til þess að reikningar hafi þegar verið kynntir samhliða afgreiðslu sömu dagskrárliða skyldubundna hluta félagsins á aðalfundinum.



**Þú getur
fengið þá
á netinu!**

www.pmt.is

ALLAR GERÐIR STIMPLA



pmt
last miðar & tæki ehf.

Sími: 567-8888 • Fax: 567-8889

Groa@leiti.is

Ég mætti á árhátíðina ásamt þingmannsefnum og óbreyttum og skemmti mér frábærlega vel. Skemmtiatriðin voru óborganleg þar sem Jóhannes Kristjánsson eftirherma fór á kostum. Þó sá einn virðulegur lögmaður ástæðu til að finna að brandara sem hann fór með en fékk þvílíka útreið hjá Jóhannesi að salurinn veltist um að hlátri. Á undan Jóhannesi kvað rímnasnillingurinn Steindór Andersen rímur um verkfræðinga þar sem hann fann engar rímur um lögfræðinga! Svo þegar síminn fór að hringja hjá Steindóri í miðjum kveðskap, og hann svaraði, þá veltist ég um að hlátri enda var þetta svo original!

Árshátíðin 2003



Valborg Þ. Snævarr var veislustjóri árshátíðar að þessu sinni og naut hún aðstoðar vinkonu sinnar, Grágásar Oratorsdóttur, sem mætti til leiks í sínu finasta skarti. Hér þakkar Valborg Grágás aðstoðina en hún fór snemma heim enda lítið fyrir rok og ról.



Halldór H. Backman í kvennafans enda ógíftur ennþá þegar myndin var tekin! Það skal þó upplýst að heitmey hans, Ragheiður Kolviðsdóttir, er til hægri. Hulda Björgvinsdóttir er til vinstri á myndinni.



Jónsi söngvari hljómsveitarinnar „Í svörtum fötum“ í góðum fíling.



F.v.: Ólafur Haraldsson, Þóra Bjarnadóttir, Vífill Harðarson og Katrín Jónasdóttir.



Valborg Þ. Snævarr veislustjóri, Helgi Jóhannesson og sjálfur heiðursgesturinn; Ari Edwald. Takið efir að hann er með hendina í fatla!

MEISTARAMÓT í knattleik innanhúss

Hið æsispennandi meistaramót LMFÍ í knattleik innanhúss var haldið þann 9. maí sl og tóku átta lið þátt í keppninni. Óhætt er að segja að mikil spenna hafi verið fyrir mótið þar sem sumir voru þeirrar skoðunar að Mörkin myndi þurfa að horfa á eftir titlinum. Svo voru aðrir að vonast eftir að bleika liðið, sem setti svo litríkan svip á síðasta mót, myndi mæta aftur til leiks og festa sig í sessi.

Eins og gefur að skilja þurfa strangar reglur að gilda þegar lögmenn kljást, hvort sem það er innan eða utan vallar, innan eða utan dómssalar. Eða eins og máltækið segir: „Sjaldan er gott að skilja starfið eftir heima.“ Aga- og íþróttanefnd LMFÍ hefur sett ákveðnar reglur sem birtast nú í fyrsta sinn opinberlega á prenti.

Alls átta lið kepptu að þessu sinni og mun það vera metþátttaka að teknu tilliti til Alþingiskosninga næsta dag þar sem margir lögmenn voru einnig að reyna að ná boltanum (og tókst þó nokkrum...).

Mótið tókst í alla staði mjög vel, keppendur sýndu mótherjum sínum fyllstu kurteisi í hvívetna, enginn fór meiddur af velli, enginn var sár og enginn var reiður. Keppt var í tveimur riðlum og fór svo sem forspáir menn höfðu sagt; Mörkin vann ekki í þetta sinn og þær bleiku birtust ekki að nýju sem voru vonbrigði. Úrslit urðu eftirfarandi:

1. sæti *Reynsla og léttleiki*
2. sæti *Mörkin*
3. sæti *Grínarafélagið*

Námskeið

Ég tek að mér að kenna knattspyrnu. M.a. yrði tekið fyrir hvernig á að rífast við dómarrann, sparka í andstæðinginn án þess að vera rekinn útaf, leikræn tjáning ef brotið er á leikmanni, val búninga ofl., myndi henta vel fyrir næsta fótboltamót.

Smári Hilmarsson hdl



Hið sigursæla lið, Reynsla og léttleiki, hampar hér glaðlega bikarnum.

Endanleg niðurstaða í riðlakeppninni:

A riðill:

1. Grínarafélagið	2	1	0	5:2	7
2. Mörkin	2	0	1	7:4	6
3. KF Þruman	1	1	1	3:3	4
4. LA Law	0	0	3	1:7	0

B riðill:

1. Eldingin	2	1	0	9:4	7
2. RogL	2	0	1	10:8	6
3. Logos	0	2	1	1:5	2
4. Íslandsbanki	0	1	2	2:5	1

Undanúrslit:

Eldingin – Mörkin	1-2
Grínarafélagið – RogL	2-3

Leikið um 3. sætið:

Grínarafélagið – Eldingin	3-2
---------------------------	-----

Úrslitaleikur:

RogL – Mörkin	2-0
---------------	-----



REGLUR

fyrir knattspyrnumót LMFÍ 2003



1. Hámarksaldur liðsins í heild má ekki fara yfir 300 ár og heildarþyngd liðsins má ekki fara yfir 1,5 tonn.
2. Skilyrði er að meirihluti leikmannahópsins, 5 í það minnsta, séu félagsmenn í LMFÍ, aðrir þurfa að hafa lokið lögfræðiprófi frá HÁSKÓLA ÍSLANDS eða vera með BA í plöntusálfræði.
3. Miðað er við að boltinn sé úti ef hann fer yfir enda- og hliðarlínur. Skýrt nánar á mótstað. Ef boltinn fer útaf eru tekin innspörk, bæði frá hliðar og endalínu.
4. Hægt er að skora þegar komið er inn á vallarhelming andstæðinganna.
5. Einn til tveir dómara dæma hvern leik.
6. Ekki má snerta knött með hendi. Ef dæmd er hendi eða brot er framið innan punktalínu þá er dæmd vítaspyrna umsvifalaust.
7. Fjórir leikmenn eru hverju sinni á leikvelli úr sitthvoru liði.
8. Leiktími er 1x8 mínútur á leik.
9. Eigi má fagna marki með meiru en einu faðmlagi per leikmann. Atlotum umfram eitt faðm verður vísað til kærunefndar Teina og Tótu.
10. Fagn varamanna má eigi fara upp fyrir 200 desibil.
11. Jafntefli gilda og er gefið 1 stig fyrir jafntefli. 3 stig eru gefin fyrir sigur. Verði lið jöfn að stigum að aflokinni keppni ræður markamismunur, þá fleiri skoruð mörk ef markamismunur er jafn og þá unnir leikir og síðan innbyrðis viðureign liðanna. Verði enn jafnt verður spilaður sérstakur úrslitaleikur, 1x5 mínútur. Eftir það verður vítaspyrnukeppni þar sem tekin eru 3 víti á lið. Verði enn jafnt verður bráðabani í vítaspyrnum.
12. Bannað er að gefa þung högg undir kjálkastað en klappa má mönnum fyrir góð tilþrif.
13. Dómari má vísa leikmanni útaf fyrir brot í eina mínútu. Ef skorað er innan þessarar mínútu kemur leikmaður aftur inn á. Sé brot svívirðilegt (211.- 218. gr. hgl.) má vísa manni útaf út leikinn. Sá leikmaður verður þá í banni í næsta leik eða út mótið ef dómara úrskurða slíkt.
14. „Yngri“ leikmönnum og léttari ber að sýna „eldri“ leikmönnum og þyngri tilhlýðilega virðingu.
15. Öllum ber að hafa gaman af leiknum og sýna faglegan keppnisanda.
16. Verndari mótsins er sem fyrr Þórunn Guðmundsdótti hrl.
17. Hver leikmaður má einungis spila með einu liði, þ.e. því liði sem hann er skráður til leiks með. Komi upp sú staða að „lána“ þurfi leikmann í annað lið, þá þarf andstæðingurinn, þ.e. það lið sem leikið er við, að samþykkja slíkar breytingar fyrir viðkomandi leik og að láns leikmaðurinn spili með.
18. Kærunefnd mótsins skipa þau Marteinn Másson og Þórunn Guðmundsdóttir, (skammstafað kærunefnd Teina og Tótu). Þau úrskurða sjálf um hæfi sitt komi til kasta nefndarinnar. Ákvarðanir nefndarinnar eru endanlegar nema hvað varðar formreglur. Slíkum ákvörðunum er hægt að áfrýja til íþróttadómstóls LMFÍ.
19. Ákvæði 13. kap. Jónsbókar um völdaverk gilda einnig í mótinu en þar segir, „Nú gengr maðr til leiks, fangs eða skinndráttar at vilja sínum, þá ábyrgist hann sik sjálf at öllu, þó at hann fáí mein eða skaða af...“

Samþykkt á Emil-fundi aga- og íþróttanefndar á sumardaginn fyrsta 2003.

PISTILL FORMANNS:

ALÞINGISKOSNINGAR voru nokkrum Adögum áður en þetta er skrifað. Tveir starfandi lögmenn voru kjörnir á þing og sá þriðji er fyrsti varamaður í sínu kjördæmi. Félagsmenn hljóta að vera sammála um að lögmennska sé kjörinn undirbúningur fyrir störf á löggjafarsamkundunni. Þá getum við glaðst yfir því að eiga lögmenn á þingi, án tillits til þess hvort við teljumst til samherja þeirra í stjórn-málum. Heillaóskir félagsins fylgja þeim til nýrra starfa.

Ríkisstjórn sömu flokka og stjórn að hafa landinu síðustu átta ár hefur nú sitt sitt þriðja kjörtímabil. Sumir telja það bera vott um festu, aðrir skort á ferskleika. Ekki er tekin afstaða til þess hér, en því haldið fram að best fari saman festa og ferskleiki. Þannig tel ég því farið hjá LMFÍ. Samþykktir félagsins tryggja festu, með því að tveir meðstjórnendur eru kjörnir á ári, til tveggja ára, og rík venja hefur staðið til þess að formenn félagsins útskrifist í það starf úr öðrum stjórnarstörfum. Almennt búa því 3 af 5 stjórnarmönnum að nokkurri reynslu í upphafi starfsárs. Ferskleiki er hins vegar tryggður með a. m. k. tveimur nýjum stjórnarmönnum ár hvert. Nýir stjórnarmenn eru Ólafur Rafnsson, hdl. og Ragnheiður Bragadóttir hdl., ferskt fólk, og er mikils vænst af þeirra störfum. Áfram sitja í stjórn undirritaður, Jóhannes Karl Sveinsson, hrl., varaformaður og Aðalsteinn Jónasson, hrl. Ég held að þetta sé gott lið og hlakka til að takast á við verkefni komandi árs sem hluti þess.

Eins og fram hefur komið í fyrri pistlum funda fulltrúar stjórnar reglulega með fulltrúum dómarafélagsins, dómstólaráðs of dómsmálaráðuneytisins. Á fundum með fulltrúum dómarafélagsins og dómstólaráðs, hafa komið fram miklar áhyggjur af gríðarlegri fjölgun mála fyrir dómstólum, sérstaklega Héraðsdómi Reykjavíkur. Fjölgunin er mest í innheimtumálum, sem

engar varnir eru í og nánast ávallt útivist. Munnlega fluttum málum mun einnig hafa fjölgað og sú ógn vofir yfir að málahali hlaðist upp. Það yrði afleitt. Þá má ljóst vera að fjölgun mála fyrir héraðsdómum mun leiða til fjölgunar mála í Hæstarétti. Á fundum með fulltrúum dómara höfum við tekið fram að Lögmannafélagið muni að sjálf-sögðu leggja lið öllum skynsömum tillögum til lausnar þessum vanda, enda gengur ekki að mál fari í það horf sem var fyrir tiltölulega skömmu, þegar það tók mörg ár að koma máli á enda í dómskerfinu.



Gunnar Jónsson

hrl.

Lausnin sem virðist blasa við er fjölgun dómara. En það sem við blasir þarf ekki endilega að vera rétt og lausnir sem felast í því að henda meiri peningum í vandamálið eru sjaldnast affarasælar. Það hlýtur að þurfa að ráðast að rót vandans og leita leiða til þess að fækka málum sem fara til dóms. Er t. d. einhver nauðsyn á því að smærri óskilyrtar skuldakröfur fari fyrir dóm? Er ekki hugsanlegt að veita slíkum kröfum einfaldlega beina aðfararheimild. Skuldarinn á þó alltaf það úrræði að skjóta máli til dóms, telji hann rétt á sér brotinn? Það er kannski ekki Lögmannafélagsins að móta úrræði til lausnar vandamálinu, en við hljótum að taka þátt í umræðum um lausn á vandamáli sem er svo nærri störfum okkar.

Sú hugmynd að fjölga kröfum sem njóta beinnar aðfararheimildar hljómar ugglaustr misvel í eyrum lögmanna. Hafi menn áhyggjur af því að mál kunni að dragast hjá dómstólum, eiga slíkar áhyggjur ekki síður við um ýmis mál hjá sýslumönnum. Mér finnst heldur klén afsökun við því að mál fái ekki tekin fyrir hjá sýslumanni, að fjárveiting til embættis sé uppurin. Með hverskyns beiðnum til sýslumanns fylgir greiðsla, sem ég tel ljóst að standi undir kostnaði við málin. Þótt þær tekjur renni ekki beint til embættanna, hlýtur fjárveitingarvaldið

að verða að sjá til þess að þjónustan sem greitt er fyrir sé veitt. Það er fráleitt að aukinn málafljöldi hjá sýslumannsembættum leiði til aukinna tekna ríkissjóðs, en hann sjái ekki til þess að málunum sé sinnt innan eðlilegs frests. Ég leyfi mér að full-yrða að hugsun löggjafans hafi ekki verið sú að gjöldin væru vaxtalaus lán til ríkissjóðs.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að skuld- arar geta látið hjá líða að mæta við fjárnám í Reykjavík, án þess að það varði þá nokkru í raun. Sé fjárnámsboðun ekki sinnt er mál sent í lög- regluþöðun. Þar hefur verklag því miður verið með þeim hætti að ekki er annað gert en senda kvaðningu og hringja í menn. Þetta vita þeir sem skuldseigastir eru og láta sér því fátt finnast um slíkar kvaðningar. Lögreglan hefur ekki einungis heimild að lögum til þess að handtaka menn og

færa þá til sýslumanns vegna aðfarar, henni ber að gera það að boði sýslumanns. Þeirri skyldu hefur hins vegar ekki verið sinnt, ótrúlegt sem það er og óþolandi með öllu. Fulltrúar félagsins hafa rætt þetta við sýslumanninn í Reykjavík og fulltrúa dómsmálaráðuneytisins. Viðmælendur okkar voru sammála okkur um að vandamálið yrði að leysa og vonandi tekst það. Þá hefur Hæstiréttur einnig lagst á sveif með þeim sem vandamálið vilja leysa, en í nýlegum dómi (90/2003) undirstrikaði hann skyldu lögreglu til þess verða við boði sýslumanns um að færa menn, sem ekki sinntu kvaðningu, fyrir sýslumann. Vonandi heyrir þetta vandamál senn sögunni til.

Ég óska lögmönnum gleðilegs sumars og lækk- andi forgjafar.

Meira af fótbolta...

Eins og fram kemur á bls 10 sigraði Reynsla og léttleiki meistaramót LMFÍ í knattleik innanhúss. Vegna þrábeiðni liðanna sem lentu í öðru og þriðja sæti eru hér með birtar af þeim myndir.



Mörkin varð að sjá á eftir gullinu en fékk silfrið. Liðið brosti engu að síður í gegnum tárin til ljósmyndarans, enda er málið að vera með!

Grínarafélaginu fannst ekkert fyndið við að verma þriðja sætið.

Om forskelle og ligheder mellem udøvelse af islandsk og dansk advokatvirksomhed

Denne artikel er baseret på mine erfaringer som tidligere ansat advokatfuldmægtig og advokat hos Gorrissen Federspiel Kierkegaard¹ i København samt mit nuværende ansættelsesforhold som advokat hos Logos, hvor jeg har været ansat siden 1. oktober 2002.

Selvom jeg i denne artikel vil fokusere mere på forskellene end lighederne mellem udøvelse af islandsk og dansk advokatvirksomhed, så er det dog min opfattelse, at der er flere ligheder end forskelle mellem udøvelse af islandsk og dansk advokat-virksomhed. Eksempelvis, så synes den juridiske metode, organiseringen af advokatvirksomheden og selve advokatkulturen at være meget ens.

Advokatsekretæren

Brugen af advokatsekretærer i islandsk og danske advokatvirksomheder er anderledes. I Danmark er det sædvanligt, at advokaterne dikterer de fleste breve og dokumenter ind på et bånd, som sekretærene efterfølgende skriver ind på computer og sekretæren sørger herefter for, at advokaten blot skal gennemlæse og underskrive/godkende brevet eller dokumentet før sekretæren endelig sørger for, at dokumentet eller brevet sendes.

I de seneste år har der været en række initiativer til at gøre advokatsekretærens arbejdsopgaver mere varierende og spændende, og der udbydes nu i det danske Advokatsamfunds regi forskellige efteruddannelseskurser, som kan give sekretæren et „speciale“, f.eks. ekspedition af



Peter Møllerup,
Advokat, LL.M., Logos
lögmannsþjónustu

sager om fast ejendom, konkurs samt oversættelse af juridiske dokumenter til/fra dansk.

Som på islandsk advokatkontorer, så har den danske sekretær også ansvaret for visse administrative arbejdsopgaver. Det er dog mit indtryk, at islandsk sekretærer har et større ansvar for den del af „driften“ af advokatvirksomheden, som ikke vedrører det rent juridiske arbejde, end deres danske kollegaer.

Arten af advokatens arbejdsopgaver

Arten af advokatens arbejdsopgaver er generelt meget ens på islandsk og danske advokatkontorer, hvilket formentlig skyldes den fælles historie og kultur i Island og Danmark samt den stigende internationaliseringen af advokathvervet.

Udviklingen i Danmark har dog ført til, at de fleste danske advokater på større advokatkontorer sædvanligvis er specialiseret indenfor to til tre hovedarbejdsområder. Dette har både fordele og ulemper, og dette er et emne, som bliver diskuteret meget ivrigt i den danske advokatbranche lige i øjeblikket.

Professor Mads Bryde Andersen fra Københavns Universitet har netop afholdt sin tiltrædelsesforelæsning i sit nye professorat, „Advokathvervet“. Professoren er ved denne lejlighed blevet citeret for at kritisere den stigende specialisering indenfor advokathvervet, og har eksempelvis påpeget – hvilket efter min opfattelse er korrekt – at retssagsførelse på de større kontorer i København i dag bliver karakteriseret som et speciale, og derfor er det kun visse advokater på de større kontorer, som går i retten i dag. Dette er efter professorens opfattelse en u hensigtsmæssigt udvikling, fordi „retssalen er advokatens og juraens primære arbejdsværksted“.

Det er mit indtryk, at det er væsentligt mere

¹ Gorrissen Federspiel Kierkegaard is one of Denmark's leading international law firms, with offices in Copenhagen and Aarhus. The law firm employs more than 250 people and is primarily focused on advising corporate clients within all areas of business law.

udbredt i Danmark, at advokaten i Danmark er medlem af en række bestyrelser end for de islandske kollegaers vedkommende. Dagbladet Børsen offentliggør hvert år en liste over de personer, som har de fleste og mest indflydelsesrige bestyrelseshverv i Danmark, og advokaterne er altid den profession, som er stærkest repræsenteret på denne liste. Det er således ikke usædvanligt, at en advokat er medlem af mellem 10 og 30 bestyrelser.

Via bestyrelsesarbejdet får mange advokater også andre arbejdsopgaver end de rent forretningsmæssige i bestyrelsesarbejdet, og dette har fået nogen kritiske røster til at sætte spørgsmålstegn ved advokatens uafhængig i denne sammenhæng.

Den danske advokatbranche følger ofte udviklingen i særligt det engelske og amerikanske advokatsamfund. Derfor er f.eks. aftaleudarbejdning og gennemførelsen af due diligences blevet kraftig inspireret af den angelsaksiske tradition. Selvom jeg også har set visse tegn på denne udvikling i Island, så er det dog mit indtryk, at det islandske advokatsamfund f.eks. fortsat bygger mere på den nordiske konciperings-tradition (på engelsk „drafting tradition“).

Et af de nyeste eksempler på den danske branches inspiration fra de angelsaksiske lande, er de nye advokatopgaver, som er forbundet med begrebet „compliance“ (den generelle danske sprogudvikling har desværre gjort, at dette engelske udtryk anvendes, idet der ikke findes et dansk ord for begrebet!). Dette har ført til udarbejdelse af såkaldte „compliance-programmer“ indenfor eksem-

pelvis konkurrence- og persondataretten. Disse programmer giver virksomheden et værktøj til at sikre overholdelse af den gældende lovgivning indenfor disse områder.

Forholdet til klienterne

Den islandske advokat har oftest et væsentlig tættere og mere personligt forhold til klienten. Efter min opfattelse udnyttes dette forhold virkelig godt af de islandske advokater, fordi det giver en mere uformel og åben kommunikation med klienten, hvilket kan medføre en forbedring i kvaliteten af den rådgivning, som klienten modtager.

På de større advokatkontorer i København, så er klienten oftest tilknyttet en bestemt partner på advokatkontoret, men klienten er først og fremmest klient hos advokatkontoret, og ikke hos den enkelte partner eller advokat. Dette skyldes, at klientens sag oftest vil blive henvist til og behandlet af den specialist indenfor det område, som klienten ønsker rådgivning, jf. ovenfor om den stigende specialisering.

Det stigende antal sager i Danmark om advokaters erstatningsansvar, hvor de danske domstole har anlagt en meget streng ansvarsbedømmelse, har medført, at den danske advokat er blevet meget bevidst om sine handlinger og undladelser! Det er derfor sædvanligt, at advokaten f.eks. indgår en aftale om opdraget (såkaldt „engagement letter“), udarbejder referater efter alle møder og altid definerer og klarlægger sin arbejdsopgave meget præcist samt altid er i stand til at dokumentere alle handlinger og undladelser.

Det er min erfaring og opfattelse, at islandske advokater er mindst lige så godt uddannet som danske advokater, og mange islændinge bliver ovenikøbet optaget på nogle af de bedste og fineste universiteter i Nord-Amerika og Europa.

Advokathonorarer

Det er min erfaring og opfattelse, at islandske advokater er mindst lige så godt uddannet som danske advokater, og mange islændinge bliver ovenikøbet optaget på nogle af de bedste og fineste universiteter i Nord-Amerika og Europa. Endvidere er det min opfattelse, at kvaliteten af det arbejde, som den islandske advokat udfører er på samme niveau som i Danmark.

Den største og mest iøjenfaldende forskel mellem advokathvervet i Danmark og Island er helt klart størrelsen af advokatens honorar. En partner på et større Københavns advokatkontor kræver typisk et honorar på ca. 30.000 til 35.000 ISK i timen. Hertil skal lægges den nedenfor nævnte forskel i fastsættelsen af honoraret.

Der er utvivlsomt visse konkurrence- og prisforhold på det islandske og danske marked, som kan forklare en del af forskellen. Endvidere har den danske advokat højst sandsynlig større udgifter til sekretærer på grund af den større brug af sekretærbistand i det daglige arbejde.

Men, forskellene i pris, marked og udgifter kan

dog efter min opfattelse ikke fuldt ud begrunde, hvorfor den islandske partner kun modtager et honorar på cirka en tredjedel i forhold til deres danske kollegaer. Islandske advokater er derfor efter min opfattelse alt for billige i forhold til kvaliteten af den serviceydelse, som de islandske klienter modtager!

En i mine øjne meget uheldig konsekvens af det lave niveau for advokathonorarer i Island har ført til den „uofficielle diskrimination“ af udenlandske klienter, som oftest bliver afregnet med et væsentlig større honorar.

En af hovedgrundene til de lave islandske advokathonorarer er måske, at islandske advokater alene afregner per medgået tid. Efter min opfattelse er dette „revisor-princip“ en stor ulempe for den islandske advokat, fordi det i forhandlinger med klienten om fastsættelse af honoraret, kun kan føre til rabatter for klienten. Det er noget naturstridigt i at spørge klienten, om det er muligt at sætte ekstra timer på sagen på grund af ansvar, opgavens art og kvaliteten af det udførte arbejde!

En løsning på problemet kunne være, at der indførtes en regel for islandske advokaters honorarafregning på linje med de danske regler, som foreskriver, at advokaten ved afregning af sagen skal tage følgende parametre ind i sin overvejelse: det med sagen forbundne ansvar samt generelle parametre omkring ansvar, sagens værdi og betydning for klienten og resultatet af den ydede juridiske bistand og endelig en rimelig vurdering af det tidsforbrug, der var nødvendigt til sagens løsning.

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar

á ensku, norðurlandamál,
frönsku, þýsku og rússnesku
(nú þýðendur og túlkar).

Dóm og skýrslutöktutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalþýðandi.

Laugavegi 163a - sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is



ÖRYGGISMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS
BORGARTÚNI 31 • SÍMI 530 2400

Lögmannsstörf í Flórída

ÞAÐ kann að hljóma ókunnuglega fyrir íslenska lögmennt ef ákvörðun þeirra á gildandi rétti afmarkaðist að mestu við leit og úrvinnslu dóma. Fyrir lögmennt í Míami í Flórída er slíkt daglegt brauð og hluti af undirbúningsvinnu hvers dómsmáls hvort sem um er að ræða samningu stefnu, greinargerðar eða fyrirtöku beiðnar um frávisun. Sumum þætti undarlegt ef meginhluti þess sem lögmaður fengist við frá degi til dags, hvort sem það væri fasteignamál, eignarréttindi, skaðabótamál, erfðamál, vinnumarkaðsmál eða samningagerð, byggðist á því að fást við reglur sem myndaðar hefðu verið með langri og oft flókinni dómvenju, eða styðjast við réttarvenjur þar sem enga dóma væri að finna. Á þessum sviðum lögfræðinnar, svo og fjölda annarra, eru oft fáar, brotakenndar og stundum handahófskenndar lagareglur í hinum svonefnda fylkjarétti (state law).

Í Flórída var það oft viðkvæði eldri lögmannna að ekki bæri að treysta því að löggjafarvaldið í Tallahasseeborg í Flórída hefði sett lög sem mikið væri hægt að byggja á, hvað þá að túlka svo eitt-hvert vit væri í. Gamall kennari minn við Háskólann í Míami, sem hafði kennt kaupa- og viðskiptabréfarétt síðan 1963, sagði gjarnan þegar nokkrir dagar voru eftir af löggjafarþinginu það misserið að okkur væri senn borgið þar sem ekki hefðu komið fram neinar breytingar eða viðbætur við kaupalögin, eða annað svið viðskiptalögfræðinnar, sem valdið gæti lögfræðingum og fræðimönnum heilabrotum. Hans skoðun var að sjaldnast kæmi



**Jón
Ögmundsson**

JD, hdl.

nokkuð nýtilegt frá þeirri samkomu. Orð hans festust mér í minni þar sem löggjafarstarf innan fylkjanna er mjög mismunandi og stjórnámálmennt sinna þar einkum hagsmunapólitík af ýmsu tagi. Þau svið sem heyra undir alríkislöggjöf, svo sem jafnréttismál, félagaréttur, verðbréfavíðskipti, samkeppnismál og gjaldþrotamálefni, hafa að geyma mun heildstæðari löggjöf. Einnig hefur verið samin löggjöf á alríkis sviði sem beitt er (ýmist sett í lög eða reglugerðir) innan hvers fylkis, s.s. varðandi réttarfar fyrir dómstólum, sönnun (þ.e. málsmeð-

ferð fyrir dómi), kauparétt (UCC), reglur um viðskiptabréf og veðsetningu lausafjármuna. Þá hafa vísireglur (model rules) verið samdar á mörgum sviðum sem lögmennt nýta sér mjög í starfi, s.s. í samningarétti, skaðabótarétti, og um skaðsemisábyrgð. Fyrir þá lögmennt sem starfa aðallega að refsímálum eru að sjálfsögðu heildstæðar lagareglur til, sem og reglur um opinbert réttarfar sem settar eru af æðsta dómstóli Flórída og birtar ásamt greinargerð bæði á sviði einkamála- og refsiréttarfars. Þá hafa verið samdar mjög vand- aðar reglur um meðferð sífjamála, bæði skilnaðar- og forsjármál, sem jafnvel leikmennt geta nýtt sér í einföldum hjónaskilnaðarmálum. Má segja að sú handbók, Florida Rules of Court, sé til á borði allra starfandi lögmannna í Flórída.

Hið daglega starf lögmannsins mótast nokkuð af því sem að ofan greinir og þeim fordæmisrétti (common law) sem að mestu ræður hjá þeim lögmonnum sem starfa við hefðbundin lögmannsstörf, hvort sem verið er að

Enginn eðlismunur er á störfum lögmannna í Flórída og á Íslandi. Meginmunur er þó á rekstri dómsmála og beitingu réttarheimilda.

sækja mál um greiðslu skaðabóta eða standa að kröfumálum og samningagerð fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki. Mikill þorri smærri lögmannsstofa og sjálfstætt starfandi lögmanna stundar slík lögmannsstörf. Þannig störf stundaði sá sem þetta ritar á stofu með sjö lögmönnum í Suður-Miamiborg, ekki ýkja langt frá Háskólanum í Miami þar sem margir íslenskir lögmenn hafa stundað framhaldsnám. Aðstaðan er önnur fyrir þá lögmenn sem starfa mest við að reka mál fyrir alríkisdómstólum, hvort sem er einka- eða refsímál, því stór hluti fíkniefnamála heyrir undir alríkjalög eða lögsögu alríkisdómstóla.

Yfirleitt fer mestur tími lögmanna sem sinna almennum málum fyrir fylkjadómstólum í rekstur mála fyrir dómi. Sá málarekstur er all flókinn og skiptist í mörg mismunandi stig en lengstum tíma er jafnan varið til gagnaöflunar og framlagningu gagna sem lið í ferli að ná sáttum í máli. Aðalmeðferð fyrir fylkjadómstólum, hvort sem er fyrir kviðdómi eða dómara í einkamálum, er dýr og áhættusöm. Því reyna báðir aðilar yfirleitt að komast hjá slíku. Við nánari skoðun kemur í ljós að tiltölulega fá mál ganga alla leið og sannarlega færri en fyrir dómstólum á Íslandi.

Gagnaöflun felst einkum í því að hvor aðli fyrri sig leggur fram hinar ýmsu beiðnir (motions) fyrir dóminn þar sem beiðin er um leyfi eða gerð krafa um framlagningu gagna af hálfu beggja aðila. Dómarinn hefur lítil afskipti af rekstri málsins nema sem úrskurðaraðili um hvort beiðanda sé heimilt eða gagnaðila skylt að leggja fram tiltekin gögn. Sá sem þetta ritar eyddi yfirleitt morgnnum, 2-3 daga í viku, í héraðsdómi Miami (í dómshúsinu við Flaglerstræti eða í dómshúsinu í Ft Lauderdale) í slíkar fyrirtökur. Oft fer eftir umfangi slíkrar fyrirtöku hvort hún er haldin í réttarsal eða á skrifstofu dómarans. Bíður þá jafnan hópur lögmanna fyrir utan að þeirra mál séu kölluð upp og verða því kynni milli þeirra sem að sjálfsögðu er af hinu góða. Yfirleitt fá lögmenn ekki meira en 5 mínútur til að flytja mál sitt fyrir dómara sem úrskurðar á staðnum ef um minniháttar beiðni er að ræða eða tekur sér frest þegar um er að ræða beiðni um frávísun eða styttri dóm (summary judgment) en slíkt réttarfarshagræði fyrirfinnst ekki í íslenskum lögum. Algengt er að lagðar séu fram frávísunarbeiðnir varðandi einstaka kröfuliði, hvort sem um er að ræða stefnukröfur eða tilteknar varnarkröfur (affirmative defences). Eru lögmenn þá með uppkast af

úrskurði eða dómi sem dómari annaðhvort undirritar og stimplar eða ekki, allt eftir ákvörðun hans.

Enginn eðlismunur er á störfum lögmanna í Flórída og á Íslandi. Meginmunur er þó á rekstri dómsmála og beitingu réttarheimilda. Lögmenn í Flórída verða jafnan að eyða dágóðum tíma til undirbúnings fyrir mál með því að fletta upp í dómasöfnum, yfirlitsritum um dóma og kanna gildi tiltekinna dóma (Shepard's), því ósjaldan hefur dómafordæmum verið snúið við eða nýir dómur fallið um tilteknar málsástæður.

Þá er mikill munur varðandi endurmenntunarkröfur lögmanna. Í Flórída er í gildi skyldubundin endurmenntun lögmanna sem felst í að nauðsynlegt er að sækja tiltekin námskeið á ákveðnu tímabili, og vinna þar inn „kredit“, en vanræksla á að sinna endurmenntunarskyldu getur varðað réttindamissi. Þá eru í gildi reglur um lögmannastöð við bágstadda sem er nokkuð sérstök fyrir Flórída. Það er svokallað „pro-bono“ kerfi sem í flestum tilvikum er ekki skyldubundið í öðrum fylkjum. Lögmenn geta borgað sig undan skyldunni með tilteknu fjárframlagi, ef þeir treysta sér ekki til að taka að sér „pro bono“ mál, en þau mál sem undirritaður tók að sér reyndust hin athyglisverðustu og oftar en ekki fékkst greidd þóknun frá gagnaðilanum í málinu, einkum þegar um bótamál var að ræða. Starf lögmannsins í Miami á því lítið skylt við þá fyrirmynd sem dregin er upp á skjánum í hinum viðburðarríku lögfræðiþáttum sem gjarnan sleppa því sem tiltekið var hér að framan sem kjarnanum í hinum hefðbundnu lögmannsstörfum.

Groa@leiti.is

Ég er viss um að dulið atvinnuleysi meðal lögmanna er með því hæsta sem gerist! Alla vegana sækjast lögmenn mikið í önnur störf og virðast láta bjóða sér hvað sem er! Mér varð hugsað til þessa þegar úrslit kosninganna voru ljós en víst er að færri lögmenn komust að en vildu!

Groa

Hádegisverðarfundur LMFÍ og LÍ:

Jafnrétti og bann við mismunun í Mannréttindasáttmála Evrópu



Oddný Mjöll Arnardóttir í ræðustól.

Miðvikudaginn 2. apríl sl. stóðu Lögmannafélag Íslands og Lögfræðingafélag Íslands fyrir hádegisverðarfundum þar sem Oddný Mjöll Arnardóttir fjallaði um doktorsrannsókn sína „Equality and Nondiscrimination in the European Convention on Human Rights; Towards a Substantive Approach“, sem hún varði í maí 2002.



Um 70 manns mættu á fundinn og hlustuðu á framsögu Oddnýjar.



Í DOKTORSRITGERÐINNI fjallar Oddný um jafnræðisreglur 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 1. gr. viðauka nr. 12 við sáttmálann sem ekki hefur enn tekið gildi. Sett er fram mólél þriggja þátta sem hafa áhrif á það hversu strangt jafnræðisreglu 14. gr. sáttmálans er beitt í dómaframkvæmd. Þessir þættir eru tegund mismununar, grundvöllur mismununar og þeir hagsmunir sem í húfi eru. Undir þeim áhrifaþætti sem nefnist tegund mismununar er sett fram nýtt hugtak, „passive discrimination“ eða óvirk mismunun, sem ætlað er að ná yfir jákvæðar skyldur ríkja. Það hefur verið viðtekið viðhorf að dómaframkvæmd á grundvelli 14. gr. sáttmálans sé óskýr og ósamstæð. Það mólél áhrifaþátta sem þróað er í rannsókninni skýrir þessa dómaframkvæmd og felur í sér nálgun sem er hæf til að takast á við hinn nýja viðauka nr. 12 við sáttmálann. Það er einnig niðurstaða rannsóknarinnar að áhrifaþættirnir skýri það hvenær sönnunarbyrði í máli flyst frá einstaklingi yfir á ríki sem og það hvenær 14. gr. sáttmálans er tekin til skoðunar í máli. Greining áhrifaþátta í rannsókninni styður þá ályktun að nálgun Mannréttindasáttmálans sé í auknum mæli að færast frá því að vera formleg yfir í að vera efnisleg.

Doktorsritgerð Oddnýjar er nú komin út í bókinni „Equality and Non-Discrimination under the European Convention on Human Rights“ sem tilheyrir ritröðinni International Studies in Human Rights og gefin er út af Kluwer Law International. Bókin fæst í Bóksölu Stúðenta.

Reglur frá Hæstarétti:

Um réttargæslumann og talsmann brotþola í Hæstarétti

1. gr.

Skipun réttargæslumanns

Að ósk brotþola og eftir að málgögn (ágrip) í viðkomandi máli hefur borist réttinum frá skrifstofu ríkissaksóknara skipar Hæstiréttur brotþola réttargæslumann fyrir Hæstarétti, ef einkaréttarlegri kröfu hans hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og hún er þar til meðferðar, sbr. 4. mgr. 153. gr. laga nr. 19/1991.

2. gr.

Ráðning talsmanns

Brotþola er heimilt að ráða talsmann til starfa, sem gætir hagsmuna brotþola fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 44. gr. d laga nr. 19/1991, sbr. 4. mgr. 153. gr. sömu laga.

3. gr.

Málflutningur réttargæslumanns og talsmanns

Réttargæslumaður og talsmaður brotþola eiga þess kost, eftir ræðu sækjanda, að tjá sig um einkaréttarkröfur brotþola og skal málflutningur takmarkast við þær, sbr. 5. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 2. og 3. mgr. 44. gr. g og 2. mgr. 44. gr. d sömu laga.

4. gr.

Tilkynningar um þinghöld o.fl.

Réttargæslumaður og talsmaður brotþola skulu fá afrit af gögnum máls, sbr. 1. mgr. 44. gr. h laga nr. 19/1991, sbr. 163. gr. sömu laga. Beinir Hæstiréttur til réttargæslumanns og talsmanns

brotþola tilkynningu um að eintak ágríps og annarra framlagðra gagna fyrir réttinum sé til afhendingar á skrifstofu ríkissaksóknara. Hæstiréttur tilkynnir réttargæslumanni og talsmanni brotþola um þinghöld í málum, sbr. 2. mgr. 44. gr. g laga nr. 19/1991.

Þegar Hæstiréttur skipar brotþola réttargæslumann skv. 1. gr., eða þegar réttinum berst tilkynning um að brotþoli hafi ráðið sér talsmann, beinir rétturinn því til réttargæslumanns og talsmanns að þeir eigi þess kost að skila greinargerð í málinu innan tiltekins frests.

Ákærvald og skipaður verjandi ákærða skulu senda réttargæslumanni og talsmanni brotþola greinargerðir sínar og önnur framlögð gögn í málinu.

5. gr.

Viðvera brotþola, réttargæslumanns og talsmanns í þinghöldum

Sé þinghald háð fyrir luktum dyrum, á brotþoli ekki aðgang að þinghaldi, sbr. 2. mgr. 44. gr. g laga nr. 19/1991. Réttargæslumaður og talsmaður brotþola eiga ávallt aðgang að þinghöldum.

6. gr.

Einkaréttarleg krafa sætir ekki áfrýjun

Talsmaður brotþola á aðgang að þinghöldum í málum, þó að einkaréttarkrafa í málinu sé ekki til meðferðar fyrir réttinum. Í slíkum tilvikum á talsmaður ekki kost á að tjá sig um sakarefnið og skal hann ekki sitja við borð málflytjenda.

Reykjavík, 30. apríl 2003

Skýringar:

1. gr.

Með bréfi lögmanna til Hæstaréttar, þar sem hann óskar eftir skipun sem réttargæslumaður, skal fylgja bréf brotaþola þar sem brotaþolin óskar eftir skipun réttargæslumanns. Er eðlilegt að afstaða brotaþola um þetta liggi fyrir í Hæstarétti með skjallægum hætti. Skipun getur fyrst átt sér stað eftir að ágrip hefur borist frá skrifstofu ríkissaksóknara. Í seinni tíð hefur sá háttur verið hafður á í framkvæmd í Hæstarétti. Réttargæslumaður verður einungis skipaður ef einkaréttarlegri kröfu hefur verið áfrýjað og hún er til meðferðar í Hæstarétti. Af því leiðir að sé kröfunni ekki áfrýjað til Hæstaréttar eða fái hún ekki efnislega úrlausn í héraði, svo sem vegna frávísunar, eru ekki skilyrði til skipunar réttargæslumanns í Hæstarétti. Við þær aðstæður er brotaþola fært að ráða sér talsmann samkvæmt 2. gr., til að sinna málinu í Hæstarétti.

2. gr.

Brotaþola er heimilt að ráða sér talsmann til að gæta hagsmuna sinna í Hæstarétti. Hefur hann að meginstefnu sömu réttarstöðu og réttargæslumaður, sbr. 44. gr.d laga nr. 19/1991. Talsmaður á þó rétt á að gæta hagsmuna brotaþola í Hæstarétti í þeim tilvikum þegar ekki eru skilyrði til skipunar réttargæslumanns skv. 1. gr., en hann á aðgang að þinghöldum eftir 6. gr. Á hann þó ekki kost á að tjá sig um sakarefnið við þessar aðstæður, sbr. 6. gr.

3. gr.

Í 3. gr. eru ákvæði um hvenær réttargæslumaður eða talsmaður brotaþola taki til máls við málflytningu í Hæstarétti og miðast það við venjulegða framkvæmd. Þá er tekið fram að málflytningur skuli takmarkast við umfjöllun um einkaréttarkröfu brotaþola, en þess eru dæmi að málflytningur réttargæslumanna hafi tekið til fleirri þátta en einkaréttarkröfunnar.

4. gr.

Réttargæslumaður og talsmaður skulu fá afrit af öllum gögnum málsins. Til þessa hefur framkvæmdin ekki verið skýr en réttargæslumaður og talsmaður þó fengið ágrip og afrit annarra gagna þegar eftir því hefur verið leitað. Hér er kveðið á um skýra framkvæmd að þessu leyti, þannig að Hæstiréttur beini til réttargæslumanns og talsmanns tilkynningu um að eintak ágríps sé tilbúið til afhendingar á skrifstofu ríkissaksóknara. Er það sami háttur og hafður er á þegar verjendur fá tilkynningar um ágrip. Með þessu yrði ríkissaksóknari að hafa tiltækt eintaka af ágrípi fyrir rétt-

argæslumann eða talsmann, þar sem ekki yrði gert ráð fyrir því að Hæstiréttur myndi láta af hendi ágrip úr þeim eintökum er réttinum berast. Þá er hér tekið af skarið um að Hæstiréttur tilkynni réttargæslumanni og talsmanni brotaþola um öll þinghöld í málum.

Í 2. mgr. er kveðið á um greinargerðir réttargæslumanns og talsmanns. Ekki hefur formlegum tilkynningum verið beint til réttargæslumanns og talsmanns um skil á greinargerðum, heldur hafa þeir sent Hæstarétti greinargerðir að eigin frumkvæði. Samkvæmt þessu yrði sá háttur hafður á að þegar réttargæslumaður er skipaður, er honum um leið tilkynnt að hann eigi þess kost að skila greinargerð í málinu. Talsmanni brotaþola yrði hins vegar send samsvarandi tilkynning eftir að réttinum hafa borist upplýsingar um að brotaþoli hafi ráðið sér talsmann. Um þetta eru ekki ákvæði í lögum nr. 19/1991, en eðlilegt verður að telja að réttargæslumaður og talsmaður brotaþola fái sérstaka tilkynningu frá Hæstarétti um skil á greinargerðum og fresti í því sambandi.

Í 3. mgr. 4. gr. er kveðið á um að ákærvald og verjandi eigi að senda réttargæslumanni og talsmanni eintak af greinargerðum sínum og öðrum gögnum er þeir leggja fram á þessu stigi málsins. Í framkvæmd hefur verið ýmist hvort ákærvald og verjendur sendi greinargerðir sínar réttargæslumanni og talsmanni og hefur Hæstiréttur í mörgum tilvikum orðið að bæta þar úr. Með þessu yrði skýrt kveðið á um hverjum beri að annast þetta.

5. gr.


Í athugasemdum með 15. gr. laga nr. 36/1999, um breytingu á 44. gr. laga nr. 19/1991, er tekið af skarið um að brotaþoli eigi ekki aðgang að þinghöldum í málum, séu þau háð fyrir luktum dyrum, þar sem hann sé ekki aðili að máli í skilningi laga nr. 19/1991. Um þetta er hins vegar ekki kveðið skýrt á um í lögum nr. 19/1991. Þykir því rétt að hafa um það ótvírætt ákvæði hér. Í þessum tilvikum eiga réttargæslumaður og talsmaður þó ótvíræðan aðgang og er þeim þannig ætlað gæta hagsmuna brotaþola.

6. gr.

Eins og fram kemur um 1. gr. hér að framan, er hér tekið fram að talsmaður brotaþola, sem hann hefur ráðið á eigin kostnað, eigi þess kost að sitja í þinghaldi þótt einkaréttarkrafa brotaþola sé ekki til meðferðar fyrir Hæstarétti. Á hann ekki kost á að taka til máls við slíkar aðstæður. Til að aðgreina talsmann enn frekar frá málflytjendum í þeim tilvikum þykir auk þess rétt, að hann sitji ekki við borð málflytjenda. Er þá ástæðulaust fyrir talsmann að klæðast skikkju málflytjenda.

GOLF MÓT

LÖGMANNA SUMARIÐ 2003



ÍSUMAR mun sjálfs-
þskipuð golfnefnd LMFÍ
standa fyrir nokkrum golf-
mótum en búið er að skipu-
leggja tvö innanfélagsmót
og þrjár keppnir við aðrar
starfsstéttir. Sem fyrir er
þátttaka opin öllum lög-
fræðingum. Dagsetningar
golfmótanna hafa verið ákveðnar og fyrirkomulag
í aðalatriðum. Um sama leyti og þetta blað kemur
út er fyrsta mótinu lokið en það er minningarmót
um Guðmund Markússon og Óla Axels sem
haldið var á Keilisvellingum, Hafnarfirði, föstu-
daginn 23. maí. Þar sem prentun blaðsins er áætluð
á sama tíma munu úrslit birtast síðar.

Golfmót sumarsins eru þessi:

Fjórleikur við tannlækna.

Keppnin fer fram á Nesvellingum, þriðjudaginn
24. júní kl. 12.00. Umsjónarmaður: Jóhannes Karl
Sveinsson, hrl.

Fjórleikur við lækna.

Keppnin fer fram á Strandarvelli á Hellu,
sunnudaginn 13. júlí kl. 11:00. Umsjónarmaður:
Gestur Jónsson, hrl.



Fjórleikur við end- urskoðendur.

Keppnin fer fram á
Kiðjabergsvellingum,
Biskupstungum,
fimmtudaginn 24. júlí
kl. 13:00. Umsjónar-
maður: Gísli G. Hall,
hdl.

Opna Lundamótið

Keppnin fer fram í
Vestmannaeyjum
föstudaginn 22. ágúst.
18 holu punktak-
eppni, matur og léttar

veitingar. 9 holu texas scramble að veitingum
loknum. Nánari dagskrá auglýst síðar. Umsjónar-
maður: Helgi Bragason, hdl. (hb@dt.is)

Meistaramót LMFÍ

Mótið verður haldið föstudaginn 5. september
kl. 12:00 á Leirunni, Suðurnesjum. 18 holu högg-
leikur með fullri forgjöf, þó að hámarki 24. Einnig
verður keppt án forgjafar. Sigurvegari með forgjöf
telst félagsmeistari.



Umsjónarmenn:
Ásgeir Á. Ragnarsson hdl. og Baldvin
B. Haraldsson hdl. Þátttaka tilkynnist
umsjónarmönnum
fyrir lok vinnudags
4. september. Ræst
verður út af öllum
teigum samtímis.

Lið LMFÍ er í dag einungis handhafi bikarsins
gegn tannlæknum. Við sáum á eftir bikörum til
lækna og endurskoðenda í fyrra. Nú verður allt
kapp lagt á að endurheimta þá og halda dollunni
gegn tannlæknum. Til þess þurfa, eins og alltaf,
okkar bestu menn að vera klárir í þessa leiki. Hér
með er skorað á þá að færa keppnisdagana vel og
rækilega í dagbækur sínar eða forrit og forðast
utanaðkomandi truflun og áreiti hina sömu daga.

Stundum hafa lögfræðingar reynst fúsari til
þess að mæta til leiks en andstæðingarnir. Þegar
svo stendur á þarf að ákveða hverjir keppi og
hverjir spili sér einungis til ánægju. Svona
ákvæðanir eru erfiðar því flestir mæta til þess að
fá að vera með í keppinni. Golfnefndin hefur
ákveðið að sú regla skuli gilda, ef fleiri mæta til
leiks en þörf er á í keppnislið, þá skuli forgjöf
ráða, þ.e. lægri forgjöf hafi forgang.

Fyrir hönd sjálfskipaðrar golfnefndar LMFÍ

Ásgeir Ragnarsson,

Af Merði lögmanni

Hvernig er þetta eiginlega eru engar kröfur gerðar lengur til lögmannna?, hugsaði Mörður með sér þegar hann kom af erfiðum fundi. Hvernig átti honum að detta í hug að þessi stelpukind væri ekki þarna til þess að taka við frakkanum hans og bera honum veitingar? Slík mistök voru að mati Marðar eðlileg, enda leit stúlkukindin alls ekki út fyrir að gegna svo mikilvægu starfi sem lögmennskan er. Nei, Mörður var nú vanari því að eiga við gamla spilafélaga sína í störfum sínum og þurfa einstöku sinnum að þola samskipti við einhverja nýútskrifaða besserwissara af karlkyninu. Mörður hafði reyndar orðið var við að einhverjar konur væru í stéttinni, enda ekki hægt að komast hjá því að taka eftir slíkum frekjum! Gat verið að þetta væri að breiðast út? Hvað yrði þá um allt hið kunnuga sem hann þekkti í heimi lögmennskunnar?

Merði létti því mjög við að heyra af því að einhverjum lagabreytingum sem gera hefði átt á kröfum til kunnáttu til lögmansréttinda hefði verið frestað. En svo kom skellurinn, fram kom í upphaldstímariti Marðar, sem tekur svo vel undir lífsskoðanir hans, að einn af hverjum sex félagsmönnum væru af hinu kyninu. Ekki nóg, með það heldur höfðu deilur um kunnáttukröfur lögmannna ekkert að gera með konur. Það voru víst komnir fleiri lagadeildir en sú eina sanna sem Mörður þekkti.

Það var því víst ekki annað að gera en að taka því sem orðnum hlut að konur væru orðnar hluti af lögmannaheiminum og því væri um að gera að bregðast við því strax og þá helst með aðferðum sem virkuðu vel á þetta kyn í samskiptum lögmannna og lögkvenna. En hvernig? Af reynslunni höfðu samningsaðferðir Marðar í samskiptum við lögkonu ekki leitt til hagstæðrar niðurstöðu fyrir umbjóðendur hans. Þannig hafði skjallið, daðrið og sú föðurlega ímynd sem hann reyndi að nota ekki borið árangur. En kannski var það bara æfingarleysi? Hugsaði Mörður með sér, enda hafði hann aldrei þurft að beita slíku við kynbræður sína. Hvernig stendur þá á því að þegar lögkonur beittu slíku undirferli hafði Mörður gleymt sér og orðið undir? Jú, við nánari athugun sá Mörður að það væri vegna þess náttúrulegsmáls að konur eru mönnum fremri í slóttugheitum. Því þyrfti Mörður framvegis að vera á tánum þegar hann yrði fyrir ágengni lögkvenna.

Þannig yrði það nú hluti af strategíu hans þegar allt annað klikkaði, að benda lögkonum á að það væri óþarfi að vera með einhverja hysteríu, samsömun með umbjóðanda væri óþörf. Slík tækni hlyti að pirra lögkonur og bjarga honum ef allt færi á versta veg. Merði hafði nú oft langað að benda kynbræðrum sínum á þetta, en slíkt hefði mátt misskiljast þannig að Mörður væri tapsár.

Nú ef allt fer á versta veg og málið tapast á móti lögkonu, þá er hægt að útskýra ósigurinn með því að dómariinn hafi:

- a) ekkert kunnað í lögfræði
- b) vorkennt lögkonu af því hún kundi ekkert í lögfræði en var svo sæt, tók málið svo nærri sér, einstæð móðir, í saumaklúbbi með ...

SOLVIT

Nýtt úrlausnarnet Evrópusambandsins

Nýverið gerðist Ísland aðili að SOLVIT-úrlausnarneti Evrópusambandsins sem varðar framkvæmd á reglum innri markaðar Evrópusambandsins. Úrlausnarnetinu var hleypt af stokkunum hinn 22. júlí sl. en sakir aðildar EFTA-ríkjanna, Íslands, Liechtenstein og Noregs, að EES-samningnum og þar með innri markaði Evrópusambandsins eru þau þátttakendur í SOLVIT.

Til hagsbóta fólki og fyrirtækjum sem býr eða starfar í öðru EES-ríki

Markmiðið með SOLVIT er að yfirstíga hvers kyns hindranir í vegi fjórstíga hvers kyns hindranir á skjótan og greiðan hátt. Slíkar hindranir geta m.a. stafað af ófullkominni innleiðingu á reglum innri markaðarins eða því að stjórnvöld beita þeim ekki á réttan hátt, oft vegna vanþekkingar starfsmanna sinna. Þá er SOLVIT einungis ætlað að leysa mál sem ná yfir landamæri, þ.e. að þau varði fleiri en eitt ríki. Þannig á SOLVIT að auðvelda fólki og fyrirtækjum, sem býr eða starfar í öðru EES-ríki, að sækja rétt sinn svo og greiða fyrir samskiptum við stjórnvöld í því ríki. Með því að gera þeim kleift að bera fram kvartanir, telji þau viðkomandi stjórnvöld ekki fara að reglum innri markaðarins, má einnig kalla fram í dagsljósið algengustu umkvörtunarefnin en framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur um skeið leitað leiða til þess.

Þar eð löggjöf um innri markaðinn er mjög umfangsmikil geta kvartanir, sem beint er til SOLVIT, varðað fjölda málaflokka. Þeirra á meðal eru reglur um viðurkenningu starfsréttinda, almannatryggingar, vernd persónuupplýsinga, skráning vélknúinna ökutækja, atvinnuréttindi, markaðsaðgengi vöru og þjónustu, opinber innkaup, réttur til eigin atvinnustarfsemi, frjálsir fjár-



Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, lögfræðingur, starfar á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

magnsflutningar og aðgangur að menntun.

Hvernig starfar SOLVIT?

Úrlausnarnetið byggist á sérstökum gagnagrunni sem framkvæmdastjórn ESB hefur sett upp á Netinu og tengir saman SOLVIT-stöðvar sem komið hefur verið á fót í öllum EES-ríkjunum, þ.e. aðildar-ríkjum ESB ásamt EFTA-ríkjunum innan EES. Þær eru oftast vistaðar í einhverju ráðuneyti viðkomandi ríkis, hér á landi í utanríkisráðuneytinu. Úrlausnarnetið virkar þannig að einstaklingur eða fyrirtæki sem býr í öðru EES-ríki hefur samband við

SOLVIT-stöð í heimalandi sínu, telji hann stjórnvald í hinu ríkinu ekki fara að reglum innri markaðarins. SOLVIT-stöðin, sem tekur við kvörtuninni, skráir málið í gagnagrunninn en áður en tekin er ákvörðun um það skal m.a. kanna málsástæður og hvort málarekstur ætti betur við. Ekki ætti að skrá mál í gagnagrunninn sé það rekið sem mál fyrir dómi eða hafi það verið tekið til úrskurðar.

Sé tekin ákvörðun um að skrá mál í gagnagrunninn kemur það til kasta viðkomandi SOLVIT-stöðvar í því ríki sem kvörtunin beinist gegn. Dæmi: Íslenskt fyrirtæki á í erfiðleikum með að markaðssetja vöru í Bretlandi. Það gæti þá sett sig í samband við SOLVIT-stöðina í íslenska utanríkisráðuneytinu, en úrlausn mála væri hjá SOLVIT-stöð breskra stjórnvalda sem nú er í breska iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Breska SOLVIT-stöðin hefur því næst viku til að staðfesta hvort hún sinnir málinu eða hafnar því. Ef svarið er jákvætt er erindið sent áfram til viðeigandi aðila innan bresku stjórnáslunnar til afgreiðslu.

Frestur til að leysa úr málum, sem beint er til SOLVIT-úrlausnarnetsins, er tiltölulega skammur,



eða 10 vikur, sem getur verið mjög þýðingarmikið þegar nauðsynlegt er að fá skjóta úrlausn mála. Þegar fresturinn er liðinn eiga að liggja fyrir tillögur að lausn. Þær tillögur eru þó ekki bindandi fyrir þann sem kvartar að því leyti að honum er ekki skylt að fallast á þær og er því heimilt að hefja formlega málsmeðferð ef honum býður svo við að horfa.

Hvað greinir SOLVIT frá öðrum úrræðum?

Frá því að SOLVIT-úrlausnarnetið tók til starfa hefur fjöldi kvartana aukist jafnt og þétt. Flestar þeirra hafa varðað frjálsa vöruflutninga, almannatryggingar og viðurkenningu starfsréttinda og prófskrifteina. Það sem greinir SOLVIT frá þeim úrræðum, sem ríkisborgarar og fyrirtæki EES-ríkjanna hafa til þess að koma kvörtunum sínum á framfæri, er að hægt er að beina þeim beint til viðkomandi ríkis, milliliðalaust. Þannig eru viðkomandi ríki virkjuð til að leysa þau vandamál sem koma upp við framkvæmd reglnanna sín á milli og án aðkomu stofnana Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna innan EES. SOLVIT er því viðbót við þær leiðir sem ríkisborgurum aðildarríkja Evrópusambandsins stendur til boða við að koma kvörtunum sínum á framfæri, en þar nægir að nefna framkvæmdastjórn ESB, Evrópuþingið og evrópska umboðsmanninn. Þá er SOLVIT viðbót við þær leiðir sem ríkisborgurum EFTA-ríkjanna innan EES stendur til boða en þær eru að vísa málum til eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins. Munurinn er sá að SOLVIT er net sem ætlað er að leysa vandamál með óformlegum hætti og er af þeim sökum aðgengilegra fyrir einstaklinga og fyrirtæki, auk þess sem það er þeim að kostnaðarlausu. Þess má geta að eftirlitsstofnun EFTA er nú að kanna möguleika á og gagnsemi þess að skrá kvartanir, sem stofnuninni berast, í SOLVIT.

Árangur byggist á samvinnu

Forsenda fyrir árangri af SOLVIT-úrlausnarnetinu er að samstarf milli SOLVIT-stöðvanna sé gott og að starfsmenn þeirra þekkist og vinni ein-

huga að því sameiginlega verkefni að yfirstíga hindranir í vegi sameiginlegs innri markaðar. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til á þeim stutta tíma sem liðinn er en yfir eitt hundrað mál hafa komið til úrlausnar SOLVIT. Dæmi um mál sem leyst hefur verið með aðstoð SOLVIT er kvörtun fransks ríkisborgara vegna erfiðleika við að afla viðurkenningar spænskra yfirvalda á starfsleyfi sínu sem lækni. Í kjölfar afskipta viðkomandi SOLVIT-stöðva var starfsleyfi hans viðurkennt og hann gat hafið störf sem lækni á Spáni.

Þannig á SOLVIT að auðvelda fólki og fyrirtækjum, sem býr eða starfar í öðru EES-ríki, að sækja rétt sinn svo og greiða fyrir samskiptum við stjórnvöld í því ríki.

Evrópusambandið bindur miklar vonir við þetta nýja úrlausnarnet og það fyrirkomulag að ríkin leysi mál sjálf sín á milli á skjótan og árangursríkan hátt og hefur af þeim sökum hvatt EES-ríkin til að efna til kynningarátaks á úrlausnarnetinu sem nú hefur staðið yfir frá áramótum. Hvað EFTA-ríkin innan EES varðar markar þetta úrlausnarnet

ákveðin tímamót. Með þátttöku sinni í SOLVIT standa þau jafnfætis aðildarríkjum Evrópusambandsins en eðli málsins samkvæmt þurfa EFTA-ríkin samkvæmt EES-samningnum að sýna fram á að sömu réttindi eigi við um þau og önnur aðildarríki Evrópusambandsins. Að auki opnast ríkisborgurum EFTA-ríkjanna innan EES ný leið og óformlegri en áður til að koma kvörtunum sínum á framfæri vegna reglna sem varða EES-samninginn. Það verður því fróðlegt að fylgjast með hvernig til mun takast með SOLVIT í framtíðinni.

Upplýsingar um SOLVIT á Íslandi:

Viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins,
Rauðarárstíg 25
105 Reykjavík
solvit@utn.stjr.is
Sími: 545 9900 / Símbref: 562 4878
Heimasíða SOLVIT: <http://europa.eu.int/solvit>

Á AÐ TAKA UPP ENDURMENNTUNARSKYLDU LÖGMANNA?

SAMPYKKT var á síðasta aðalfundi Lögmannafélagsins að fela stjórn þess að vinna tillögur að reglum um endurmenntunarskyldu lögmanna, þar sem höfð yrði hliðsjón af sambærilegum reglum nágrannaþjóða þar um og starfi CCBE að endurmenntunarmálum. Hefur stjórn félagsins nú skipað sérstakan starfshóp til þess að gera tillögur að slíkum reglum, sem stefnt er á að kynntar verði félagsmönnum á sérstökum félagsfundum og síðan bornar upp til samþykktar eða synjunar.



Ingimar Ingason

framkvæmdastjóri
LMFÍ

En hvers vegna að taka upp skyldu til endurmenntunar lögmanna? Eiga ekki lögmenn, og reyndar aðrir þeir sem bjóða fyrirtækjum og einstaklingum sérfræðipjónustu, að finna hjá sér hvöt til þess að bæta við sig þekkingu og auka hæfni sína í starfi án þess að á þeim hvíli sérstakt lagaboð þar að lútandi? Er hægt að þvinga menn til að læra og hefur þessi endurmenntunarskylda einhverja raunhæfa þýðingu fyrir lögmennastéttina? Án efa munu margar efasemdaraddir heyrast meðal lögmanna og spurningar eins og hér að framan, koma fram, þegar tillögur vinnuhópsins verða kynntar. En það er líka hið besta mál. Umræða um framþróun og framtíð lögmennsstarfsins á sífellt að vera í gangi og lögmenn eiga að hafa skoðun á og bera ábyrgð á því umhverfi sem þeir starfa í. Félagið mun því fagna skoðanaskiptum um málið og hvetur þá félagsmenn sem koma vilja sjónarmiðum sínum á framfæri, að tjá sig um efnið.

Með því að taka upp endurmenntunarskyldu telur stjórn Lögmannafélagsins að hægt verði að efla þekkingu lögmanna, hæfni þeirra og velliðan í starfi.

En hvernig hugsa menn sér að stilla kröfunni um endurmenntunarskyldu upp? Eins og fram kemur í inngangi greinarinnar er gengið út frá því að tekið verði mið af sambærilegum reglum og gilda í nágrannaríkjum okkar en endurmenntunarskyldu lögmanna hefur þegar verið komið á í Noregi og Finnlandi að frumkvæði lögmannafélaganna þar, auk þess sem slíkar reglur taka að öllum líkindum gildi í Svíþjóð síðar á þessu ári. Þá er danska lögmannafélagið, líkt og það íslenska, að skoða þessi mál hjá sér. Loks má nefna að

endurmenntunarskyldu lögmanna er víða að finna utan Norðurlandanna, t.d. í Belgíu, Bretlandi og í Bandaríkjunum, þar sem slík skylda hefur verið tekin upp í 40 fylkjum af 50.

Sé litið til fyrirkomulags skylduendurmenntunar í Noregi, þá þurfa lögmenn þar í landi að ljúka minnst 80 stunda endurmenntun á 5 ára tímabili. Þeir sem starfað hafa skemur innan þessa tímabils, þurfa að ljúka tímafjöldi í hlutfalli við þann árafjöldi sem þeir hafa starfað innan tímabilsins. Af þessum 80 tímum þurfa að a.m.k. 55 að vera á sviði lögfræði, en heimilt er að taka 25 tíma í fögum sem snúa að rekstri lögmennsstofa og/eða í tungumálum. Þá er einnig hægt að fá metið inn kennslu á sviði lögfræði, ritun fræðigreina, setu í tilteknum nefndum o.fl., sem sérstök viðurkenningarnefnd ákveður hvort og þá hversu mikið gildi hefur í tímafjöldi. Þannig fá þeir sem starfa í laganefnd eða úrskurðarnefnd norska lögmanna-

félagsins 5 tíma skráða sem endurmenntun á ári fyrir störf sín í þessum nefndum. Þeir sem ljúka fleiri tímum en 80 á fimm ára tímabilinu geta tekið umfram tímana yfir á næsta tímabil. Hægt er að veita undanþágur frá lágmarkskröfum um endurmenntun í tilteknum tilvikum, t.d. ef hlutaðeigandi er fjarverandi vegna langvarandi veikinda.

Hafi lögmaður ekki lokið tilskyldum tímafjölda á tímabilinu, þarf hann að greiða NOK 3.000 gegn því að fá send tiltekin námskeiðsgögn. Einnig þarf viðkomandi að greiða norska lögmannafélaginu sekt, sem ræðst af fjölda tíma sem vantar upp á að 80 tíma skyldunni sé fullnægt, en sektarfjárhæðin er á bilinu NOK. 2.000 til 22.000 allt eftir því hve mörgum tímum er ólokið.

Það er á ábyrgð sjálfstætt starfandi lögmannna að fulltrúar þeirra ljúki tilskyldum tímafjölda og geta þeir orðið greiðsluskyldir gagnvart norska lögmannafélaginu, hafi fulltrúar þeirra ekki lokið þeim tímafjölda og ekki greitt sektina. Sé fullnægjandi tímafjölda ekki skilað eða sekt greidd, er hægt að grípa til róttækari ráðstafana á grundvelli samþykktar norska lögmannafélagsins.

Reglur um skylduendurmenntun lögmannna í Belgíu (Flandri) er með svipuðu sniði og í Noregi. Þeir lögmenntun sem reglurnar ná til þurfa að ljúka að lágmarki 16 endurmenntunartundum á ári, þar af a.m.k. 8 stundum í hreinni lögfræði og allt að 8 stundum í „practical matters“. Inneign, þ.e. tímasókn umfram skyldu má færa á milli ára. Einingar eru gefnar fyrir kennslu eða mætingu á námskeið eða seminör, framsögu eða mætingu á ráðstefnur, greinaskrif á sviði lögfræði og umfangsmeiri fræðistörf, þ.e. ritun fræðibóka. Sem dæmi um einingafjölda má nefna að mæting á námskeið gefur 1 einingu fyrir hvern setinn tíma, kennsla veitir 2 einingar fyrir hverja kennda stund, ritun fræðigreinar gefur 3 einingar og ritun fræðirits 16 einingar. Sérstök nefnd, sem samanstendur af fjórum lögmonnum og þremur lagafrófessorum metur hvaða framlag gefur einingar og hvað margar einingar hvert framlag veitir.

Innan samtaka evrópskra lögmannafélaga (CCBE), sem Lögmannafélagið er aðili að, starfar sérstök nefnd sem vinnur að tillögu um skylduendurmenntun lögmannna í aðildarfélögum þess. Markmið CCBE með upptöku slíkrar skyldu er m.a. að viðhalda og bæta þekkingu lögmannna sem sérfræðinga á sviði lögfræði og jafnframt beitingu þekkingarinnar. Með því er leitast við að tryggja tilvist stéttarinnar, auka gæði lög-

mannsþjónustu, að vernda þá sem kaupa lögmannsþjónustu og að tryggja nægt framboð endurmenntunarnámskeiða á sviði lögfræði. Þegar liggja fyrir drög CCBE að grunnreglum um skyldu endurmenntun lögmannna, sem svipar mjög til þess sem tekið hefur verið upp í Noregi og Belgíu. Hins vegar er ekki ljóst hvenær þessar reglur verða lagðar fyrir í endanlegu formi né hvenær þær kunna að verða samþykktar.

Með því að taka upp endurmenntunarskyldu telur stjórn Lögmannafélagsins að hægt verði að efla þekkingu lögmannna, hæfni þeirra og vellíðan í starfi. Með því verði lögmenntun færari til að takast á við og leysa sifellt fjölbreyttari og flóknari verkefni sem þeir fá til úrlausnar og sem samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma. Í þeim löndum sem endurmenntunarskylda hefur verið tekin upp hefur þetta fyrirkomulag einnig aukið stéttarvitund og samheldni lögmannna auk þess að hafa í för með sér jákvæð ímyndaráhrif út á við. Sama er að segja um reynslu annarra starfsstétta hérlandis og erlendis, sem tekið hafa upp endurmenntunarskyldu en slíkar reglur hafa t.d. gilt um félagsmenn FLE, félags löggiltra endurskoðenda, um árbil, samanber reglugerð nr. 673/1998 og gefist vel.

Skil fjárvörslufirlýsinga vegna ársins 2002

Félagið minnir sjálfstætt starfandi lögmenntun á að skila inn yfirlýsingum vegna fjárvörslureikninga og verðbréfaskrár fyrir árið 2002, en skilafrestur rennur út 1. september n.k.

Eyðublöð hafa verið send lögmonnum, en eyðublaðið má einnig finna á heimasíðu félagsins, en slóðin er:

www.lmf.is/documents/eydublad_fjarvorslur.pdf

Fréttir frá félagsdeild

Námskeið vorannar

Það verður sífellt algengara að lögmennt séki námskeið til að viðhalda þekkingu sinni og færni. Á tiltölulega stuttum tíma hefur viðhorf til símenntunar gjörbreytt og nú telja flestir það hluta af starfi sínu að sækja námskeið, jafnvel nokkur á ári. LMFÍ hefur reynt að koma til móts við þessa þörf en 130 manns sóttu þau 12 námskeið sem félagið hélt á nýliðnu vormisseri. Tekin var upp sú nýbreytni að bjóða félagsmönnum upp á námskeið sem ekki eru tengd starfi lögmanna, í golfi, flugukasti og matreiðslu og mæltist það vel fyrir.

LMFÍ hefur þá stefnu að bjóða upp á stutt og hnitmiðuð námskeið, vitandi að lögmenn eru uppteknir við dagleg störf. Það er oft fljótlegra að skella sér á námskeið og fá þekkinguna beint í æð ásamt námsgögnum heldur en að kynna sér efnið á eigin vegum. Eins er mikilvægt fyrir lögmenn að hittast og miðla reynslu sinni en umræður á námskeiðum eru oft mjög gagnlegar. Félagsdeildin setur nú metnað sinn í að gera námskeið haustannar áhugaverð. Allar ábendingar um málefni sem þyrfti að taka fyrir eru því vel þegnar.

LÖGMANNALISTINN

Gerðar hafa verið smávægilegar breytingar á upphafssíðu www.lmfi.is þannig að í stað þjónustuskrár í hægra horni er nú LÖGMANNALISTINN, sem á að vísa í að almenningur getur leitað eftir lögmanni eftir staðsetningu og málaflökkum. Lögmenn skrá sérsvið sín og greiða aðeins kr. 1.200 til kr. 1.600,- á ári fyrir hvert þeirra eftir því hvort þeir eru í félagsdeild eða ekki.



Eyrún Ingadóttir

Heimsóknnum á heimasíðu LMFÍ hefur fjölgað mikið síðustu mánuði en þess má geta að í mars sl. leituðu um 3.300 manns að lögmanni á heimasíðunni en alls 5.600 heimsóttu síðuna sem mun vera met. Það er ljóst að heimasíða félagsins er orðin gríðarlega öflugur og ódýr auglýsingamiðill fyrir lögmenn. Í mars sl. var þeim lögmönnum sem ekki hafa ennþá skráð sérsvið sín á LÖGMANNALISTANUM sent bréf og nokkuð hefur verið um skráningar síðan. Þeim lögmönnum sem ekki hafa kynnt sér þennan kost er bent á að skoða heimasíðuna. Enginn ætti að láta svo öflugan auglýsingamiðil fram hjá sér fara.

Bókasafn LMFÍ

Nýjar bækur eru nú komnar í safnið sem varða hin ýmsu réttarsvið. Áhugasömum er bent á tengilinn „nýjar bækur“ sem er undir bókasafnstengli á heimasíðu félagsins. Að meðaltali sækja 1-2 félagsmenn bókasafnið dag hvern en auk bóka eru gagnagrunnarnir Karnov og Ufr aðgengilegir. Félagsmenn fá aðstoð við að leita í gagnagrunnunum ef þeir eru óvanir notkun þeirra.

Félagsmál

Árshátíð LMFÍ var haldin 22. mars sl. og heppnaðist í alla staði mjög vel. Myndir frá hátíðinni eru á öðrum stað í blaðinu. Einnig eru myndir af nýafstöðnu knattspyrnumóti þar sem átta lið kepptu og upplýsingar um golfmót sumarsins.

Að lokum óska ég félagsmönnum gleðilegs sumars í leik og starfi.

Dómur Mannréttindadómstólsins í málinu nr. 39731/1998:

Sigurðsson gegn íslenska ríkinu

ÞANN 10. apríl s.l. komst Mannréttindadómstóll Evrópu að þeirri niðurstöðu að íslensk stjórnvöld hefðu brotið gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem kveður á um að hver maður skuli eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhøllum dómstóli.

Málið snerist um meint vanhæfi hæstaréttardómara og rétt íslensks lögmanns til að fá að flytja mál sitt fyrir óháðum og hlutlausum dómstóli. Nánari málsatvik voru þau að lögmaður tapaði skaðabótamáli á hendur Landsbanka Íslands fyrir Hæstarétti Íslands í apríl 1997. Áður hafði bankinn verið sýknaður af kröfu lögmannsins í héraði. Hæstiréttur klofnaði í afstöðu sinni og taldi minnihlutinn (2 af 5 dómurum) bankann eiga að greiða lögmanninum skaðabætur. Fljótlega eftir dóm Hæstaréttar í málinu kom í ljós að maki eins hæstaréttardómara, sem skipaði meirihluta dómsins, var í ábyrgð fyrir skuldum við Landsbanka Íslands. Til að greiða inn á skuldina gaf makinn út fjögur skuldabréf til fjármálastofnunar í eigu bankans sem voru tryggð með veði í tveimur fasteignum í eigu hæstaréttardómarans. Þann 6. júní 1996 gerði makinn síðan samkomulag við bankann um lokauppgjör skuldarinnar. Að þessari vitneskju fenginni fór lögmaðurinn fram á endurupptöku málsins í Hæstarétti á þeirri forsendu að umræddur hæstaréttardómari hefði verið vanhæfur en þeirri beiðni var hafnað.

Að svo búnu skaut lögmaðurinn málinu til Mannréttindanefndar Evrópu í október 1997 sem áframsendi það til dómstólsins í nóvember 1998. Í

júní 2001 komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að málið væri tækt til efnismeðferðar og dómur var uppkveðinn þann 10. apríl 2003. Lögmaðurinn byggði á því að með vísan til fjármunalegra tengsla á milli dómarans og maka hans annars vegar og Landsbanka Íslands hins vegar þá hefði mál hans ekki verið flutt fyrir sjálfstæðum og óvilhøllum dómstóli sbr. 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Mannréttindadómstóllinn taldi í samhljóða niðurstöðu sinni að skuldir maka dómarans við Landsbankann á þeim tíma sem mál lögmannsins var tekið fyrir í apríl 1997 hefðu ekki verið það háar að það eitt og sér hefði getað falið í sér fjárhagslegan þrýsting sem væri til þess fallinn að hafa áhrif á hlutleysi dómarans. Þá væri ekki fyrirsjáanlegt að fjögur veðlán útgefin til fjármálastofnunar í eigu bankans hefðu leitt til slíkra fjárhagslegra tengsla á milli maka og bankans að unnt væri að draga hlutleysi dómarans í efa. Hinsvegar yrði að líta á framangreinda þætti í víðara samhengi við það samkomulag sem maki dómarans hefði gert við Landsbankann um uppgjör skulda og þátt dómarans í því samkomulagi. Leiða mætti líkum að því að hefði dómari ekki lagt fram veði fyrir lánunum hefði umrætt samkomulag við Landsbankann ekki náð fram að ganga.

Dómstóllinn taldi enga ástæðu til að ætla að dómari eða maki hans hefðu haft beina hagsmuni af niðurstöðu máls lögmannsins gegn Landsbankanum og sérstaklega var tekið fram að engin gögn bentu til þess að dómari hefði verið hlutdrægur. En í ljósi þess að mál lögmannsins var rekið fyrir Hæstarétti á svipuðum tíma og verið var að ganga frá samkomulagi maka dómarans við bankann þá hefði lögmaðurinn með réttu getað efast um viðeigandi hlutleysi Hæstaréttar.

Lögmanninum voru dæmdar 25.000, evrur eða um kr. 2.100.000,- í bætur frá íslenska ríkinu og 15.000,- evrur eða jafnvirði um 1.300.000,- í málskostnað. Sjö dómamarar dæmdu í málinu og þar af voru sex er töldu lögmanninn eiga rétt til bóta. Meðal dómara var Davíð Þór Björgvinsson.

Breytingar á félagatali

Allar breytingar um ný símanúmer, vefföng, aðsetur og fleira er uppfært á heimasíðu félagsins, www.lmf.is

Ný máflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Álheiður Mjöll Sívertsen hdl.
Samtök atvinnulífsins
Borgartúni 35
105 Reykjavík
S: 591-0000
Fax: 591-0050

Einar Páll Tamimi hdl.
Reykjabyggð 32
270 Mosfellsbær
S: 566-7663
Fax: 510-6201

Endurútgefin máflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Ingvar Þóroddson hdl.
Lögmannshlíð,
lögfræðisþjónusta ehf.
Ráðhústorg 3
600 Akureyri
S: 466-2700
Fax: 466-2701

Sigmundur Guðmundsson hdl.
Lögmannshlíð,
lögfræðisþjónusta ehf.
Ráðhústorg 3
600 Akureyri
S: 466-2700
Fax: 466-2701

Nýtt aðsetur:

Jóhann Halldórsson hrl.
Lögmannsstofa Jóhanns
Halldórssonar hrl.
Austurstræti 17
101 Reykjavík
S:590-0880
Fax:590-0888

Nýr vinnustaður:

Hildur K. Friðleifsdóttir hdl.
Landsbanki Íslands,
lögfræðideild
Laugavegi 77
150 Reykjavík
S: 560-6830
Fax: 562-3908

Margrét Vala Kristjánsdóttir hdl.
Lögmannsstofan Skeifunni
Skeifunni 11
108 Reykjavík
S: 568-8640
Fax: 568-9585

Tómas Sigurðsson hdl.
Íslandsbanki hf.
Kirkjusandi
104 Reykjavík
S: 440-4585
Fax: 440-4595

Sameining lögmannsstofa:

Lögmannsstofan Hraun,
Hornafirði, lögmannsstofa
Berglindar Svavarsdóttur á
Húsavík og Lögmennt
Austurlandi á Egilsstöðum hafa
sameinað skrifstofur sínar og
rekstur undir nafninu:

Regula lögmannsstofa
Hafnarbraut 40
780 Höfn

Kaupvangi 2
700 Egilsstaðir

Garðarsbraut 7
640 Húsavík
S: 580-7900

Fax Höfn: 580-7911
Fax Egilsstaðir: 580-7901
Fax Húsavík: 580-7921

Sigríður Kristinsdóttir hdl.
Berglind Svavarsdóttir hdl.
Hilmar Gunnlaugsson hdl.

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði var rangt
farið með nafn Haralds Arnar
Ólafssonar hdl og er beðist
velvirðingar á því.



Skemmtiatriði voru í höndum Steindórs Andersen kvæðamanns sem kvað rímur um verkfræðinga og Jóhannesar Kristjánssonar skemmtikrafts sem fór á kostum. Hér eru þeir félagar að bera saman bækur sínar, annar nýkominn út og hinn á leið inn — að skemmta.



Elva Hildur Hjaltadóttir og Kristinn Bjarnason.

Árshátíðin 2003

TAKA TVÖ



Álfheiður Ingadóttir, Sigurmar K. Albertsson og Brynjar Níelsson (í sparifötunum).



Þrjú félagar kampakátir: (f.v.) Jóhannes Albert Sævarsson, Helgi Jóhannesson og Tómas Jónsson.



Ingimar Ingason framkvæmdastjóri LMFÍ, Jóhannes Karl Sveinsson varaformaður og Gunnar Jónsson formaður að ræða um rímur ...



Dansað var við músík hinnar frábæru danshljómsveitar "Í svörtum fötum". Hér sést Sigurður Kári Kristjánsson þingmannsefni syngja "Dag sem dimma nátt" í fangi Friðriku Hjördísar Geirsdóttur.

Almenni lífeyrissjóðurinn



Þú velur þá leið sem þér hentar

Almenni lífeyrissjóðurinn er góður kostur fyrir lífeyrissparnaðinn þinn. Hjá okkur ræður þú ferðinni hvort sem um er að ræða lágmarkslífeyrinn eða viðbótarlífeyrissparnaðinn.

Veldu það sem þér hentar

- Fjölmargar ávöxtunarleiðir
- Tvær leiðir til að tryggja lágmarkslífeyrinn
- Úttektartími lífeyris er sveigjanlegur
- Viðbótartryggingar við allra hæfi

Við hlökkum til að veita þér okkar bestu þjónustu.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4900 eða fáðu nánari upplýsingar á almenni.is.

